

Spurningar úr 148. – 159. kafla

Eftir brennuna er mikill málarekstur og bardagi á þingi sem lýkur með sáttum flestra. Kári og Þorgeir skorargeir vilja engar sættir. Flosi og allir brennumenn eru dæmdir í útlegð.

Kári og Þorgeir drepa fimm brennumenn og í kjölfarið sættist Þorgeir við Flosa. Kári er þá sá eini sem er í hefndarhug enda á hann harma að hefna þar sem Þórður sonur hans dó í brennunni.

Björn í Mörk

1. Hvernig er Birni í Mörk lýst og hvað finnst konu hans um hann? (k. 148)
2. Hvað meinar Kári með orðunum sem hann segir við Valgerði um Björn: „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi”? (k. 152)
3. Hvers vegna ætli þessir kaflar þar sem Björn kemur við sögu séu kallaðir „hugarléttir” (comic relief)?

Kári drepur átta brennumenn og særir nokkra, með aðstoð Bjarnar. Honum finnst samt ekki nóg komið fyrir en hann hefur einnig drepið Gunnar Lambason og Kol Þorsteinsson. Þá hefur hann drepið 15 brennumenn.

Drápið á Gunnari Lambasyni

4. Hvar og hvernig drepur Kári Gunnar Lambason? (k. 155)
5. Hvað er Gunnar að segja þegar Kári veður að honum?

Drápið á Koli Þorsteinssyni

6. Hvar og hvernig drepur Kári Kol Þorsteinsson? (k. 158)
7. Hvað sagði Koli í sama mund og Kári drap hann?

Lokasættir

8. Hver var nú aftur eiginkona Kára og hvaða fréttir fáum við af henni? (k. 159)
9. Hvers vegna er Kári kominn á Svínafell, heim til Flosa?
10. Hvað fer á milli Kára og Flosa? Hverri giftist Kári?